



Verkfræðingafélag Íslands

Teningurinn – viðurkenning Verkfræðingafélags Íslands Upplýsingar vegna tilnefningar

Teningurinn er árleg viðurkenning Verkfræðingafélags Íslands fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd. Markmiðið er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem verkfræðingar og tæknifræðingar vinna að.

Viðurkenningin er veitt fyrir verkefnið í heild og er það eigandi (bakhjarl) verkefnisins sem hlýtur viðurkenninguna. Verkefnið, sem hlýtur viðurkenningu, getur verið af ýmsum toga, til dæmis framkvæmdaverkefni, nýsköpunarverkefni, hugbúnaðarverkefni eða umbótaverkefni.

Teningurinn verður veittur á Degi verkfræðinnar ár hvert og eru það verkefni fyrra árs sem koma til greina. Á Degi verkfræðinnar 27. mars 2020 verður því veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi verkefni sem lokið var á árinu 2019.

Eigandi (bakhjarl) getur tilnefnt eigið verkefni einnig geta félagsmenn Verkfræðingafélags Íslands sent inn tillögur. Koma þarf fram hver eigandi/bakhjarl verkefnisins er auk helstu samstarfsaðila; hönnuðir, verkefnisstjórar og hver þáttur verkfræðinga og tæknifræðinga var í verkefninu.

Senda inn tillögu:

Dómnefnd hefur sex viðmið til hliðsjónar. Þeir sem vilja senda inn tilnefningar þurfa að gera grein fyrir neðangreindum atriðum.

- 1) Hver er eigandi/bakhjarl verkefnisins?
- 2) Tilgreinið helstu samstarfsaðila; hönnuði, verkefnisstjóra og þátt verkfræðinga og tæknifræðinga í verkefninu.

Sex viðmið við val á handhafa Teningsins. Gerið grein fyrir í stuttu máli.

- 1) Stóðst verkefnið tímaáætlun?
- 2) Stóðst verkefnið kostnaðaráætlun?
- 3) Stóðst verkefnið kröfur til gæða?
- 4) Voru öryggis- og heilbrigðismál og vinnumhverfi til fyrirmyndar?
- 5) Hver er samfélagslegur ávinningur verkefnisins?
- 6) Hvert er nýsköpunargildi verkefnisins?

Tilnefningar sendist til Verkfræðingafélags Íslands á netfangið: sigrun@verктаekni.is

Tengiliður við dómnefnd er Sigrún S. Hafstein sem jafnframt veitir nánari upplýsingar. Fyrirspurnir má senda á ofangreint netfang.